



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 1. október 2019

1910001SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að reglum um fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnarráðsins frá 3. september sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um tillögu að nýjum reglum um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Almennt

Ein af aðgerðum í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, felur í sér að fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningar sveitarfélaga verði aukinn.

Þessi aukni stuðningur er að áliti sambandsins forsenda þess að vænta megi árangurs í verkefni um eflingu sveitarfélaga. Það er vel þekkt staðreynd að mikill kostnaður fylgir sameiningu sveitarfélaga og virðist alger einhugur um það meðal sveitarfélaga sem gengið hafa í gegnum sameiningarferli að mikilvægt sé að auka stuðning jöfnunarsjóðs við sameiningarferlið.

Á aukalandsþingi sambandsins var samþykkt ályktun um drög að fyrrgreindri þingsályktunartillögu. Þar segir:

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 6. september 2019 samþykkir að mæla með því að Alþingi samþykki fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023. Í tillögunni er gert ráð fyrir veglegum fjárhagslegum stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningar sveitarfélaga og því er mikilvægt að ríkissjóður veiti sérstök fjárframlög til sjóðsins til að fjármagna þann stuðning.

Með vísan til þessarar ályktunar landsþings sambandsins leggur sambandið áherslu á að línur verði skýrðar sem fyrst um hvernig ríkið hyggst tryggja fjármögnun sameiningarframlaga. Sveitarfélögin hljóta að gera kröfu um að ríkið komi myndarlega að málinu með nýju fjármagni. Er þá ekki síst horft til þess að það er ríkið sem setur fram stefnu um fækkun sveitarfélaga og hlýtur ríkið að vera tilbúið að setja fjármuni í verkefnið til að ná fram settum markmiðum um öflugri sveitarfélög.

Hægt er að horfa til þess að hluti fjármögnunar sameiningarframlaga komi, líkt og verið hefur, af almennri fjármögnun sjóðsins. Tilfni er til að áréttu enn frekar að ekki getur talist ásættanlegt að sameiningarframlög verði fjármögnuð með

skerðingu framlaga úr jöfnunarsjóði um 1 milljarð kr. á ári í 15 ár. Slík skerðing hlýtur að bitna harðast á sveitarfélögum sem fá útgjaldajöfnunarframlög, en mörg þeirra reiða sig í miklum mæli á framlög sjóðsins.

Ábendingar við reglurnar

Tillögur um nýjar reglur byggja, eins og eðlilegt er, á fyrirliggjandi grunni, sem eru reglur nr. 295/2003 um sama efni. Áfram verður í gildi regla um að sameinuð sveitarfélög njóti óskertra tekjujöfnunar- og útgjaldaframlaga á sameiningarári og í næstu fjögur ár á eftir. Einnig gildir áfram regla um framlag sem samsvarar eðlilegum kostnaði við athugun á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga.

Þá telur sambandið að breytingar á útreikningi skuldajöfnunarframlaga séu til bóta og í ágætu samræmi við fjármálareglur sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sett er þak á skuldajöfnunarframlög, þannig að heildarskuldajöfnunarframlag getur að hámarki numið 400 m.kr. fyrir hvert sveitarfélag sem tekur þátt í sameiningu. Jákvætt er að lágmarki 80% af ofangreindu framlagi, skal fara til til niðurgreiðslu skulda sveitarfélagsins. Tilefni er til þess að gera þann almenna fyrirvara við lokamálslið 3. gr. að sú staða getur verið uppi að lánaskilmálar heimili ekki uppgreiðslu allra skulda sveitarfélags. Við þær aðstæður þurfa að liggja fyrir skýrar línur um að skuldajöfnunarframlag skerðist ekki vegna slíks ómöguleika, en eflaust er í mörgum tilvikum hægt að ná samkomulagi við kröfuhafa um lausn mála.

Loks telur sambandið að ný regla um svonefnt byggðaframlag, sem er ætlað að rétta stöðu sveitarfélaga þar sem íbúapróun er óhagstæð, sé til bóta.

Jákvætt er að þær tillögur sem nú eru til umsagnar eru gegnsærri en gildandi reglur um sameiningarframlög. Sveitarfélög geta á grundvelli þeirra reiknað með tiltölulega einföldum hætti fjárhagslegan stuðning við sameiningu tiltekinna sveitarfélaga. Æskilegt er þó að reglurnar verði ekki í framkvæmd of stýrandi um hvaða sameiningarkostir verði ofan á og jafnframt að þær leiði ekki til þess að smærri skref verði stigin í sameiningum en skynsamlegt væri. Helst virðist ákvæði e-liðar 1. gr., um fasta fjárhæð á hvert sveitarfélag sem sameinast geta valdið einhverri hættu af þessum toga. Almenn tætur sambandið þá áhættu þó óverulega.

Lokaorð

Að því gefnu að ásættanleg niðurstaða fáiast um stóraukinn stuðning ríkisins við að fjármagna sameiningar sveitarfélaga mælir sambandið með samþykkt reglnanna.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri